

GREINARGERÐ

MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

Ritstjórn: Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar

KÓPAVOGSBÆJAR

FORSENDUR

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2026 er lögð fram og unnin skv. fyrirætlum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn tillögu að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögunum leggja fyrir bæjarstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum með a.m.k. tveggja vikna millibili. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember. Ákvörðun um útsvarsprósentu þarf þó að liggja fyrir fyrr og skal senda hana innanríkis- og fjármálaráðuneyti, RSK og Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir 1. desember ár hvert.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með því að fyrst sé lagður fram viðauki við áætlunina og hann samþykktur í bæjarstjórn. Á það við um allar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Samkvæmt áliti Reikningsskila- og upplýsinganefndar (númer 2/2012) þýðir tilfærsla milli liða tilfærslu á milli málaflokka.


Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bæjarstjórnar í þeim efnum.

FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur, en ekki þarf mikið að bera út af í forsendum til að áætlanir gangi ekki eftir. Horft er til þjóðhagsspár Hagstofu Íslands við gerð áætlunar en einnig er horft til nýlegra verðbólguþáa markaðsaðila.

Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, sem gefin var út í júlí 2025, var áætlað að verðbólga ársins 2025 verði um 3,8% og að verðbólga ársins 2026 verði 3,2%. Áætlað er að launabreytingar á árinu 2025 verði 6,7% að jafnaði og 4,2% á árinu 2026. Reiknað er með að atvinnuleysi aukist úr 4,0% á árinu 2025 í 4,1% á árinu 2026.

ÚTSVAR



Á myndinni hér til hliðar má sjá þróun útsvarstekna síðastliðin ár og hún borin saman við áætlun hvers árs. Útsvarsprósentan fyrir árið 2026 verður óbreytt frá 2025 eða 14,93%, en henni var síðast breytt í lok árs 2023 eftir að framlög til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra voru hækkuð í gegnum útsvarsstofninn.

Þegar útsvarstekjur næsta árs eru áætlaðar er fyrst unnin útkomuspá fyrir líðandi ár sem myndar grunn að útsvarstekjum næsta árs. Við það mat er tekið tillit til spár um fjölgun íbúa í bænum, þróun á vinnumarkaði og launaþróunar.

Sé litið til íbúafjölgunar undanfarinna ára í gögnum Hagstofu, þá hefur bæjarbúum fjölgað að jafnaði um rúm 2,5% á ári á árunum 2000-2020, en um rúm 1,5% á árunum 2021-2025.

Við mat á fólksfjölgun í bænum til næstu ára er stuðst við fólksfjöldaspá úr húsnæðisáætlun bæjarins, en þar eru settar fram þrennskonar mannfjöldaspár, háspá, miðspá og lágsþá. Við mat á fjölgun íbúa á árunum 2026 – 2029 er stuðst við miðspána. Í húsnæðisáætlun koma m.a. fram upplýsingar um áætlaða fjölgun íbúða næstu ára. Gert er ráð fyrir að íbúðum fjölgi um 2-2,5% á næstu árum og er gert ráð fyrir að íbúðum fjölgi um 1,95% á árinu 2026.

Atvinnuleysi hefur lækkað verulega frá því Covid faraldurinn stóð sem hæst. Í þjóðhagsspá kemur fram að vinnumarkaður verði í þokkalegu jafnvægi og hliðstæðar upplýsingar má lesa úr mánaðarskýrslum Vinnumálastofnunar. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi hafi verið 3,4% á árinu 2024 en verði 4,0% á árinu 2025. Fari í 4,1% á árinu 2026 en svo í 4,0% árin þar á eftir.

Á árinu var gengið frá fjölda kjarasamninga til næstu ára og taka forsendur launaáætlunar 2026 mið af þeim. Við mat á hækkun tekna vegna launabreytinga er notast við forsendur þjóðhagsspár um þróun launa.

Almennt gildir, að hækkun launa hefur áhrif á bæði útgjöld og tekjur bæjarins, en útsvarstekjur hækka með hærri launatekjum íbúanna. Gert er ráð fyrir að ef launahækkunir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkunum, þá fjármagna hækkunir á almenna markaðinum hækkunir hjá starfsmönnum bæjarins. Á síðustu árum hafa hins vegar laun almennt hækkað hlutfallslega meira hjá sveitarfélögum en á almennum markaði. Á það við nú í ár en útlit er fyrir að meira jafnvægi verði á milli kjarasamninga í launahækkunum næsta árs.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna er áætlað að staðgreiddar útsvarstekjur ársins 2026 muni nema um 39,5 milljörðum króna,

sem jafngildir um 5,3% hækkun frá útkomuspá ársins en vænt útkoma ársins 2025 er um 37,5 milljarðar króna.

FASTEIGNAGJÖLD

Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi tæpum 9,7 milljörðum króna að sorphirðugjöldum meðtöldum. Nánari upplýsingar um einstaka liði er að finna í umfjöllun hér fyrir neðan.

FASTEIGNASKATTUR

Á árinu 2026 verða álagningarhlutföll fasteignaskatta enn þá lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013. Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,162% í 0,151% og á atvinnuhúsnæði úr 1,40% í 1,39%.



SORPHIRÐUGJALD

Sorphirðugjöld eiga að standa undir beinum kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu og er þannig beintengt við kostnað fyrir þessa þjónustu.

Verulegar breytingar urðu þegar farið var að innleiða sorpflokkun og sorphirðu á árinu 2023 og sorpflokkun á landinu öllu samræmd samkvæmt nýjum lögum. Sorp er nú flokkað í fernt: plast, pappa, lífrænt og annað, en áður var sorp hjá Kópavogsbæ flokkað í annars vegar plast og pappa og hins vegar annað. Sorphirðing á plasti og pappa stóð undir sér hjá Kópavogsbæ, þ.e. úrgangurinn var seldur og stóð undir kostnaði við hirðingu og því var sorphirðugjald í raun aðeins vegna hirðingar á óflokkuðu sorpi. Þessar breytingar höfðu töluverðan kostnaðarauka í för með sér, bæði í endurnýjun á sorptunnum og einnig gerðu áætlanir ráð fyrir allnokkurri hækkun í hækkun á sorphirðu og -eyðingu. Við vinnslu áætlunar fyrir árið 2024 voru sorptunnur endurnýjaðar og fyrirhugað að afskrifa þær á 14 árum. Þessar breytingar og þar með vænt hækkun á kostnaði við sorphirðu kallaði á verulega hækkun á sorphirðugjöldum hjá bænum á árinu 2024. Bent hafði verið á, að sveitarfélög fengju greiddar fjárhæðir frá Úrvinnslusjóði á móti hækkuðum kostnaði við þennan málaflokk, hins vegar fengust nær engar upplýsingar um, hvers mætti vænta þaðan. Þegar leið á árið 2024 fóru að berast fjárhæðir frá Úrvinnslusjóði sem voru hærri en áætlað hafði verið.

Á árinu 2024 var einnig boðin út sorphirða í bænum þar sem eldri samningar voru að renna út. Niðurstaða þessa útboðs varð mun lægri en væntingar stóðu til, þannig að kostnaðaraukinn varð minni en áætlað var. Þetta leiddi til þess að kaup sorptunnanna voru afskrifaðar á móti þessum tekjum og kostnaðarlækkun. Gjaldskrá fyrir sorp er hins vegar orðin mun flóknari en áður þar sem farið er að innheimta gjald eftir rúmmáli sorpílata og að misjafnt getur

verið hve margar íbúðir standa að baki hverju íláti. Í almennum sérþýli með hefðbundna tunnusamsetningu, þá hækkaði kostnaður við sorphirðu ekki mikið við breytinguna. Fyrir stór fjölbýlishús þar sem margar íbúðir standa að baki sorphlátum lækkaði kostnaður á íbúð. Í fjárhagsáætlun 2026 er reiknað með að sorphirðugjöld hækki jafnt og vænt verðbólga, eða um 3,2%.

VATNSSKATTUR

Vatnsskattur lækkar á milli ára eða úr 0,058% í 0,055% af fasteignamati. Aukavatnsgjald lækkar í samræmi við áætlaða breytingu á vísitölu neysluverðs eða um 3,2%.

HOLRÆSAGJALD

Holræsagjald lækkar á milli ára úr 0,058% í 0,056% af fasteignamati og nær þessi lækkun bæði til íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Rotþróargjald fyrir íbúðarhúsnæði að Vatnsenda lækkar í samræmi við áætlaða breytingu á vísitölu neysluverðs eða um 3,2%.

LÓÐARLEIGA

Lóðarleiga á einingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verður óbreytt milli ára. Fyrir íbúðarhúsnæði verður leigan 23,62 kr./m² og lóðarleiga atvinnuhúsnæðis 185,40 kr./m².

AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA

Tekjumörk vegna afsláttar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega hækka um 4,3% milli ára.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Sá hluti af áætlunum Jöfnunarsjóðs sem hafði borist í um miðjan nóvember 2025 eru færðar inn í fjárhagsáætlun, annað sem ekki hafa borist upplýsingar um hefur verið áætlað með tilliti til stöðunnar í lok september 2025, auk áætlaðra viðbóta sem vænta má vegna aukinnar þjónustu við fatlaða.

GJALDSKRÁR OG KOSTNAÐARVERÐSBREYTINGAR

GJALDSKRÁR

Bæjarstjórn samþykkti í júlí 2023 að breyta verklagi og viðmiðum við gjaldskrárbreytingar með það að markmiði að fanga betur kostnaðarverðsbreytingar í rekstri. Breytingar á flestum gjaldskrár taka því nú mið af uppreiknaðri vísitölu skv. vísitölum Hagstofu Íslands í hlutfalli við vægi einstakra kostnaðarliða í rekstri. Breytt verklag leiðir til þess að gjaldskrár eru endurskoðaðar að jafnaði 2-4 sinnum á ári.

KOSTNAÐARVERÐSHÆKKANIR


Almennt er gert ráð fyrir að einingaverð að baki rekstrarkostnaði breytist í samræmi við áætlaða hækkun á vísitölu neysluverðs. Sumstaðar þarf að taka tillit til aukinna innkaupa eða aukins kostnaðar vegna utanaðkomandi breytinga og er leitast við að taka tillit til þess eftir því sem þurfa þykir. Að sama skapi taka þeir kostnaðarliðir sem byggja á samningum mið af forsendum í viðkomandi samningum.

LAUNAÁÆTLUN

Við gerð launaáætlunar er gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launabreytingum. Ef samningar eru lausir er gert ráð fyrir launahækkunum í samræmi við þá kjarasamninga sem þegar hafa verið gerðir.

LYKILTÖLUR

Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið ríflega 50% undanfarin ár. Á árinu í ár er áætlað að um 51,6% af rekstrartekjum bæjarins fari í laun og tengd gjöld starfsmanna. Á árinu 2026 er áætlað að þetta hlutfall 50,9%.






Starfsmannakostnaður hjá bænum hefur farið hækkandi jafnt og þétt. Áætlað er að launakostnaður aukist nú um 1.430 m.kr. á milli ára, eða sem nemur um 4,7% hækkun að nafnvirði.



Annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum hækkar milli ára, en um 39,3% af heildartekjum samstæðu fer til að greiða annan rekstrarkostnað.




Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa hafa hækkað lítillega undanfarin ár meðal annars vegna framkvæmda á vegum bæjarins og aukinnar verðbólgu, en samkvæmt áætlun 2026 er þetta aðeins að snúast við. Rétt er að hafa í huga að þetta eru fjárhæðir á verðlagi hvers árs.




Veltufé frá rekstri á hvern íbúa á verðlagi hvers árs lækkar aðeins frá fyrra ári og nemur skv. áætlun 2026 122 þús.kr.

Útsvarstekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 962 þús.kr. á íbúa á næsta ári. Gert ráð fyrir að laun samkvæmt kjarasamningum hækki að jafnaði um 4,2% á milli ára.



STJÓRNSKIPULAG

Stjórnsýsla Kópavogsbæjar skiptist í þrjú svið: Menntasvið, umhverfissvið og velferðarsvið. Skrifstofa þjónustu, skrifstofa áhættu- og fjárstýringar og skrifstofa mannauðs- og kjaramála starfa þvert á þessi þrjú svið. Bæjarstjóri hefur umsjón með sviðunum og skrifstofunum sem og bæjarritara og skrifstofu umbóta og þróunar. Efst situr bæjarstjórn og undir hana heyrir bæjarstjóri annars vegar og bæjarráð hins vegar sem svo stjórnar innri endurskoðun.



ÁHERSLUR OG TILLÖGUR FRÁ SVIÐUM OG SKRIFSTOFUM

Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að hagrætt verði fyrir öllum viðbótar útgjöldum sem teljast ekki til grunnþjónustu fyrir börn, barnafjölskyldur og eldri íbúa. Samtals er gert ráð fyrir í forsendum fjárhagsáætlunar að hagræðingin verði 55 milljónir króna. Til að mæta viðbótar útgjöldum sem ekki telst til grunnþjónustu eru eftirfarandi útgjaldaliðir lækkaðir:

- Gripíð verður til aðgerða á öllum starfstöðvum til að draga úr prentkostnaði (7 m.kr lækkun)
- Í ár voru jólaskeytingar settar upp í efri byggðum, nú þegar bærinn er vel skreyttur er tilefni til að lækka útgjöld til þessa (14 m.kr lækkun)
- Samfara því sem nýr vefur og nýtt hönnunarkerfi verður tekið í notkun á næsta ári sparast auglýsingakostnaður á móti í útselda þjónustu (10 m.kr lækkun)
- Kostnaður lækkar í húsumsjón með beyttu fyrirkomulag á þrifum í ráðhúsi Kópavogs (8,2 m.kr lækkun)

- Hætta með Visio kerfi (0,5 m.kr lækkun)
- Breyting á þjónustusamning við Samhjálp (15 m.kr lækkun)

VELFERÐARSVIÐ

Hér á eftir eru tilgreindar helstu áherslur sem og þær tillögur sem lagðar eru fram til samþykktar. Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

Áfram verður lögð áhersla á farsælt samstarf í kringum börn og fjölskyldur og að barnið sé hjartað í kerfinu með áframhaldandi þátttöku í innleiðingu farsældarlaga. Velferðarsvið tekur þátt í innleiðingarteymi farsældar og innleiðingu nýrra vinnubragða bæði í barna- og fjölskylduteymi og barnaverndarþjónustu. Áhersla verður á eftirfylgd svo tryggt sé að þau vinnubrögð sem fylgja innleiðingu farsældarlaganna festi sig áfram í sessi. Velferðarsvið mun taka þátt og eiga sæti í svæðisbundnu farsældarráði sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Rafræn þjónustukönnun verður send út til allra foreldra sem hafa nýtt sér Áttuna uppeldisráðgjöf á árinu 2026 til þess að meta árangur, gagnsemi og vinna að þróun Áttunnar með hag barna og fjölskyldna að leiðarljósi.

Vegna akstursþjónustu fatlaðra er óskað eftir viðbótar fjárheimildum til að mæta tekjutapi og kostnaði sem rekja má til breytinga á gjaldskrá, með tilkomu nýrra tímabils korta (12 og 6 mán.) að fjárhæð kr. 8 m.kr.

Þessar breytingar voru innleiddar, og samþykktar í bæjarráði, með það að markmiði að uppfylla lagalegar skyldur í kjölfar úrskurður um skyldur sveitarfélaga til að miða gjaldskrá ferðapjónustu fatlaðra við gjaldskrá Strætó. (Lög um félagsþjónustu 40 / 1991 3. m.gr. 29.gr.)

Til þess að mæta uppsöfnuðum halla í stuðningsþjónustu sem hefur myndast þar undanfarin ár vegna þjónustuþega í 1. forgangsflokki, sem ekki var heimilt að setja á biðlista, er óskað eftir að fá inn til viðbótar 500 tíma á mánuði, sem er það magn þjónustutíma sem nú er verið að veita umfram heimilaða tíma. Kostnaður við þessa viðbót er áætlaður 48 m.kr.

Til að og bregðast við fjölgun umsókna á biðlista eftir stuðnings- og stoðþjónustu fyrir börn og fjölskyldur með eða án fötlun og fullorðið fatlað fólk, er óskað eftir að fjölgun verði á tímum í stuðnings- og stoðþjónustu sem nemur allt að 500 tímum á mánuði vegna uppsafnaðs halla og því til viðbótar 500 tímum á mánuði til að minnka biðlista vegna nýrra þjónustuþega í 1. forgangsflokki og mögulega öðrum forgangsflokkum þar sem

umsækjendur hafa beðið í langan tíma. Á ársgrundvelli verður um að ræða viðbætur að upphæð 48 m.kr. vegna uppsafnaðs halla og 49 m.kr. vegna viðbótar þjónustutíma vegna biðlista. Stuðnings og stoðþjónusta byggir á:

Þjónusta við börn og fjölskyldur og fullorðið fatlað fólk er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þjónustan er útfærð í samræmi við reglur Kópavogsbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Reglurnar voru settar í bæjarstjórn 2021 á grundvelli lagabreytinga frá 2018. Þjónusta við fullorðna er útfærð í samræmi við reglur Kópavogsbæjar um stuðningsþjónustu ef stuðningsþörfin er undir 15 tímum á viku. Ef stuðningsþörfin er umfangsmeiri er þjónustan útfærð í samræmi við reglur Kópavogsbæjar um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Í reglum bæjarins er kveðið á um forgangsflokka til að styðjast við þar sem forgangsraða þarf inn í þjónustuna. Rétt er að athuga að umsóknum um stuðning er synjað þegar ekki er talin þörf á þjónustu. Það þýðir að öll sem fá samþykktu umsókn á biðlista eru metin í þörf fyrir þjónustu.

Mikilvægt er að þróa nýjungar, stafræna þróun og þjónustubætti velferðarþjónustunnar áfram til þess að geta mætt sívaxandi þörf fyrir sérhæfingu samhliða samstilltri og skilvirkri þjónustu. Áfram verður unnið að þróun stafrænna lausna og innleiðingu velferðartæknilausna innan velferðarsviðs með sérstaka áherslu á stuðnings- og stoðþjónustu.

Lögð verður áhersla á fjölbreytileika í félagslegri ráðgjöf í teymi virkni og ráðgjafar þar sem boðið verður upp á hópastarf fyrir einstaklinga sem eru á fjárhagsaðstoð og eru metnir vinnufærir. Áfram verður unnið að frekari stefnumótun í þjónustu við heimilislausa einstaklinga með umfangsmiklar stuðningsþarfir og áhersla lögð á fræðslu til starfsfólks.

Unnið verður að því að bæta þjónustu til þolenda heimilisofbeldis með innleiðingu breyttra verkferla í málum er varða heimilisofbeldi þvert á skrifstofur sviðsins auk þess sem heimilisofbeldisteymi sem var endurvirkjað seinni hluta ársins 2025 verður styrkt. Hafist verður handa við að innleiða skimun með markvissum hætti svo unnt sé að bregðast við og mæta þörfum þolenda heimilisofbeldis fyrr og betur. Verklýsingar og verkferlar í almennri félagslegri ráðgjöf verða uppfærðir og endurnýjaðir.

Á árinu 2026 verður hafist handa við að undirbúa skammtímadvöl fyrir fötluð börn í Roðasölum. Skammtímadvölinni er að ætlað að taka á móti allt að fimm börnum í senn. Áherslur nýrrar skammtímadvalar munu hafa það að leiðarljósi að bjóða upp á sveigjanlega þjónustu sem og lengri samfelldar dvalir fyrir börn

með flóknar og umfangsmiklar stuðningsþarfir. Áætlaður kostnaður á árinu 2026 er 17,5 m.kr.

Ábyrgð og umsýsla með samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) verður endurskoðuð og sett á laggirnar miðlæg úthlutanefnd í samstarfi við skrifstofu áhættu- og fjárstýringar en árið 2026 eru NPA samningar í Kópavogi 11 talsins. Til þess að mæta uppsöfnuðum halla tengdum NPA samningum og mæta stækkun nokkurra samninga á ársgrundvelli verður um að ræða viðbætur að upphæð 134 m.kr. en á móti þeim kostnaði koma endurgreiðslur frá Jöfnunarsjóði upp á 109 m.kr. og er því nettókostnaður 25 m.kr.

Settur verður á laggirnar vinnuhópur með aðkomu kjörinna fulltrúa og starfsmanna sem hefur það hlutverk að endurskoða húsnæðisáætlun í málaflokki fatlaðra m.a. í ljósi lagabreytinga frá árinu 2018. Einnig verður unnið áfram að því að auka gæði og fjölbreytni í þjónustu í vinnu og virkni með endurskoðun húsnæðismála og skipulags starfseminnar. Til þess að mæta breytingum í verkefnastöðu í Örva verður bætt við fjármagni í reksturinn. Áætlaður kostnaður er á ársgrundvelli um 1,6 m.kr.

Gerður verður samstarfssamningur við Félag eldri borgara í Kópavogi þar sem boðið verður uppá helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldra fólks með það að markmiði að draga úr einmannaleika eldra fólks og félagslegri einangrun með hliðsjón af góðri reynslu af tilraunaverkefni sem hófst árið 2024. Áætlaður kostnaður vegna helgaropnana eru 4 m.kr.

Á árinu verður hafist handa við undirbúning að stofnun sameiginlegs vistheimilis Barnaverndar í samstarfi við Hafnarfjörð. Barnaverndarþjónusta Kópavogsbæjar hefur verið með samning við einkaaðila um farsælan rekstur úrræðis skv. 84. gr. barnaverndarlaga undanfarin ár en þeim samningi lýkur á árinu þegar einkaaðili lætur af störfum sem vistforeldri.

Í samstarfi við Miðjuna – miðstöð stuðnings og stoðþjónustu verður farið af stað í tilraunaverkefni varðandi framkvæmd stuðnings sem miðar að því að ráða starfsfólk með fagmenntun í tímabundið stöðugildi í stað tímavinnu til að veita foreldrum tilsjón og aðstoð við að sinna forsjár- og uppeðisskyldum sínum.

MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun menntasviðs tekur almennt mið af fyrirbyggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig.

HELSTU BREYTINGAR FRÁ ÁÆTLUN ÁRSINS 2025

Hér að neðan er yfirlit yfir tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun menntasviðs, sem lagðar eru til fyrir fjárhagsárið 2026.

FRÍSTUNDAEILD

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Menntasvið stefnir að því að fjölga opnunum og styrkja verulega markvisst forvarnastarf og verkefni til stuðnings við miðstigið, 5.-7. bekk, í félagsmiðstöðvum Kópavogs. Skipulagt miðstigsstarf er mikilvæg forvörn gegn aukinni áhættuhegðun barna á þeim aldri.

Einnig er stefnt að því að fjölga föstudagsopnunum á unglingastigi félagsmiðstöðva til að mæta betur þörfum þess hóps.

Breytingarnar eru í samræmi við tillögur barnaþingmanna og ungmennaráðs. Nánari útfærsla og skipulag aukinnar þjónustu fer fram á næstu mánuðum í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðva.

Til að gera þessar breytingar mögulegar er lagt til að veitt verði viðbótarfjárhéimild sem samsvarar 20% stg. í hverja félagsmiðstöð á starfstíma skóla, þ.e. sept. til maí. Áætlaður kostnaður er 14,5 m.kr.

GRUNNSKÓLAR

SKÓLASÖFN

Unnið er að innleiðingu nýrrar læsisáætlunar í skóla- og frístundastarfi og mikil áhersla er lögð á hlutverk skólabókasafna í eflingu læsis.

Núverandi úthlutun stöðugilda til bókasafnsstarfa byggir á fjölda nemenda í viðkomandi skóla. Minnstu skólarnir hafa of lágt stöðuhlutfall til að geta boðið upp á markvissa þjónustu í skólasöfnum í anda læsisáætlunarinnar.

Lagt hefur verið til að veitt verði viðbótarfjárheimild í fjárhagsáætlun 2026 svo allir skólar fái að lágmarki 75% stöðugildi til bókasafnsstarfa. Stærri skólar, sem hafa nú þegar hærra hlutfall í samræmi við nemendafjölda halda óbreyttu framlagi. Áætlaður kostnaður vegna viðbótarfjárheimildar skv. þessari tillögu samsvarar 1,08 stg. eða 10,3 m.kr. á ársgrundvelli

Einnig er stefnt að því að efla bókakaup á skólasöfnum. Núverandi úthlutun til bókakaupa er samtals 3 m.kr. á ári, sem deilist niður á skóla í samræmi við fjölda nemenda. Lagt er til að úthlutun til bókakaupa í bókasöfnum hækki um samtals 1,5 m.kr. á ári.

ÍÞRÓTTIR

REKSTRARSTYRKIR LÍTILLA ÍÞRÓTTAFÉLAGA

Þrjú lítil íþróttafélög í Kópavogi, Hnefaleikafélag Kópavogs, Bogfímifélagið Boginn og Taekwondo leigja aðstöðu í mannvirkjum á almennum markaði og greiða fyrir það talsvert háa leigu.

Kópavogsbær greiðir rekstrarstyrk til þessara féлага en leigukostnaður hefur farið vaxandi og mikilvægt að hækka hlutfallslega rekstrarstyrk til félaganna svo þau hafi tækifæri til að byggja upp innra starf og styrkja gæði í þjálfun og faglegu starfi.

Lagt er til að veitt verði viðbótarfjárheimild til hækkunar rekstrarstyrkja um sem nemur samtals 7 m.kr., sem deilist á félögin til hækkunar á hlutfallslegu rekstrarframlagi Kópavogsbæjar til félaganna.

Samhliða mun menntasvið huga að því að útvega þessum félögum aðstöðu í húsnæði á vegum bæjarins í framtíðinni.

VIRKNI OG VELLÍÐAN

Fjöldi þátttakenda í Virkni og vellíðan hefur aukist úr 105 árið 2021 í u.þ.b. 650 árið 2025. Í dag er Virkni og vellíðan með tvö 100% stöðugildi verkefnastjóra auk þess að vera með sjö starfsmenn í verktöku sem sinna þjálfun. Breytingar eru fremur örar í verktakahópnum þar sem starfshlutföll eru lítil. Mikilvægt er að skapa aukinn stöðugleika í þjálfarahópnum, m.a. í þeim tilgangi að unnt sé að sinna vel þjónustu við eldri borgara í félagsmiðstöðvum, sem eiga erfiðara með að koma í íþróttamannvirkin.

Menntasvið leggur því áherslu á að aukið verði við stöðugildaheimild í Virkni og vellíðan í þeim tilgangi að ráða fastan þjálfara í 100% stöðu.

Viðbótarfjárheimild samsvarar 60% stöðugildi. Samhliða verður hluti af því fjármagni sem ráðstafað hefur verið í verktöku þjálfara breytt í stöðugildi svo unnt sé að ráða í 100% stöðugildi.

Jafnframt er lagt til að mánaðarleg æfingagjöld hækki í samræmi við verðlagsforsendur á árinu 2026. Gjaldskrá Virkni og vellíðan fylgir ekki vísitölu eins og flestar aðrar gjaldskrár. Síðasta hækkun var framkvæmd um áramót 2023/2024.

Áætlaður kostnaður tillögu er 4 m.kr., að teknu tilliti til væntrar tekjuaukningar á árinu.

FRÍSTUNDASTYRKUR.

Gert er ráð fyrir að frístundastyrkur hækki úr 64 þús.kr. fyrir 6-18 ára í 70 þús.kr. á árinu 2026. Frístundastyrkur fyrir 5 ára börn verður áfram 90 þús.kr. á árinu 2026.

Viðbótarfjárheimild samsvarar 30 m.kr.

SKRIFSTOFA SVIÐSSTJÓRA

FRÆÐSLA OG FORVARNIR - HINSEGIN FRÆÐSLA

Rannsóknir og reynsla sýna að hinsegin börn og ungmenni eru í aukinni hættu á einelti, félagslegri einangrun og andlegum veikindum. Til að fyrirbyggja slíkt og tryggja öryggi og vellíðan allra barna þarf markvissa fræðslu til starfsfólks og nemenda og aðgengi að faglegri ráðgjöf.

Sveitarfélögum ber jafnframt skylda samkvæmt ákvæðum í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá til að bjóða upp á fræðslu um mannréttindi, jafnrétti og fjölbreytileika, sem felur í sér fræðslu um hinsegin málefni.

Í nýjum forvarnaráætlunum í skóla- og frístundastarfi Kópavogs er gert ráð fyrir að skipulögð verði samræmd fræðsla um hinsegin málefni fyrir starfsfólk í leik-, grunn-, og frístundastarfi og íþróttafélögum auk fræðslu fyrir einn árgang nemenda.

Lagt er til að menntasviði verði falið að útfæra samræmda fræðslu um hinsegin málefni í skóla- og frístundastarfi. Lögð er til viðbótarfjárheimild upp á 3,5 m.kr. í þessum tilgangi. Umfram fjármagn sem verkefnið kann að krefjast verður ráðstafað innan ramma.

GJALDSKRÁR OG FRAMLÖG

Gjaldskrár fylgja almennt þróun á viðmiðunarvísitölum sbr. samþykkt bæjarstjórnar 2023.

HEIMGREIÐSLUR

Gert er ráð fyrir að heimgreiðslur hækki um 4% frá 1. janúar 2026 úr 111.356 kr. í 115.810kr. á mánuði. Heimgreiðslur greiðast eftir á og kemur hækkun því fram í greiðslum 1.febrúar 2026 vegna janúar. Gert ráð fyrir lækkun áætlunar á þessum lið milli ára þar sem yngri börn eru nú í leikskóla og færri sem sækja um heimgreiðslur.

FRAMLÖG TIL DAGFORELDRA

Gert er ráð fyrir að framlög til dagforeldra hækki um 4% frá 1. janúar 2026.

UMHVERFISSVIÐ

FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir um 5 milljarða króna. Að neðan er að finna upptalningu á umfangsmestu framkvæmdunum sem eru fjármagnaðar úr eignasjóði (fyrir 100 m.kr. og hærra)

SKÓLAR OG LEIKSKÓLAR

Framkvæmdir á nýbyggingu leikskóla við Skólatröð standa yfir, áætlað fjármagn er um 500 milljónir króna á árinu 2026 en áætluð verklok eru um vorið. Á næstu þremur árum er áætlað að verja um 2 milljörðum króna í nýbyggingu leikskóla og endurnýjun leikskólalóða. Undirbúningur á nýjum leikskóla við Naustavör og leik-og grunnskóla í nýju hverfi við Vatnsendahvarf hefur staðið yfir og hefjast framkvæmdir á næsta ári. Þá verða skólalóðir endurnýjaðar samkvæmt áætlun.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Undirbúningur fyrir byggingu aðalvallar HK hefur staðið yfir og stefnt er að því að hefja framkvæmdir vorið 2026. Auk þess verður hefðbundnu viðhaldi sinnt eins og kostur er á öðrum íþróttamannvirkjum bæjarins.

AÐRAR EIGNIR

Í áætlun ársins 2026 er gert ráð fyrir 250 milljónum króna í kaup á félagslegu húsnæði en þessir fjármunir hafa verið hugsaðir sem hluti af 12% stofnframlagi á móti 18% framlagi frá ríkinu, það sem á kynni að vanta yrði þá fjármagnað af Aðalsjóði Kópavogs. Vegna vaxandi flækjustigs við veitingu stofnframlaga frá HMS má líta á þetta sem beint framlag til Húsnæðisnefndar til kaupa og/eða til veitingar stofnframlaga til þriðja aðila. Fari fjárfestingin yfir þessa fjárhæð er unnið með þetta eins og um 12% stofnframlag sé að ræða til Félagslega íbúðakerfisins og mismunurinn fjármagnaður af Aðalsjóði.

Gert er ráð fyrir að verja um 1,3 milljörðum króna í viðhald fasteigna og lóða hjá eignasjóði þar sem áhersla verður lögð á fyrirbyggjandi viðhald með umhverfisvænum lausnum. Áætlaðar eru um 400 milljónir til viðhalds og endurbóta félagslegra íbúða. Einnig verður unnið markvisst að bæta loftgæði í stofnunum bæjarins. Fjármagn til viðhalds verður aukið um 150 milljónir (auk vísitöluhækkana).

BETRA UMHVERFI OG UMFERÐARÖRYGGI

Um 1,4 milljörðum króna verður varið í gatnagerð, veitur og skipulagsmál á næsta ári. Hafin verður skipulagsvinna í Vatnsvík og Vatnsendahlíð á árinu. Samhliða fjölgun íbúða í sveitafélaginu verður umtalsverðum fjármunum varið í gatnagerð í nýjum og eldri hverfum bæjarins. Gatnagerð í nýju hverfi að Vatnsendahvarfi heldur áfram og verður varið um 350 milljónum króna í framkvæmdina á árinu. Um 325 milljónum króna verður varið í Samgöngusáttmálann. Framkvæmd að síðasta áfanga Vatnsendavegar hefst árinu og lýkur árið 2026 þegar Arnarnesvegur verður tekinn í notkun. Komið verður fyrir nýrri dælustöð vatnsveitu við Stórahjalla til að mæta fjölgun íbúða, áætlað fjármagn fyrir framkvæmdina er um 180 milljónir. Þá verður 150 milljónum króna varið í fræsingu og heilyfirlögn gatna og 170 milljónir nýttar í viðhald og minni malbiksviðgerðir á öllum götutegundum í öllum hverfum bæjarins. Þá verður haldið áfram útskiptingu í umhverfisvænni lampa við götulýsingu en verkefninu lýkur á árinu.

STJÓRNSÝSLA OG SKRIFSTOFUR

Á málaflokk 21 sameiginlegan kostnað er annars vegar færður kostnaður fyrir skrifstofur bæjarrita, áhættu- og fjárstýringar, mannauðs og kjaramála, þjónustu auk skrifstofu umbóta- og þróunar, og hins vegar ýmiss sameiginlegur kostnaður, þ.a.m. kosningar, bæjarráð, bæjarstjórn, áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins og ýmislegt fleira.

SKRIFSTOFA UMBÓTA OG ÞRÓUNAR

Skrifstofa umbóta og þróunar tók til starfa í maí 2025 og hefur það meginmarkmið að straumlínulaga ferla, samhæfa þarfir og verkefni þvert á svið og leiða umbætur sem bæta þjónustu bæjarins við íbúa. Skrifstofan fékk í vöggugjöf kostnaðarstöðvar fyrrum upplýsingatæknideildar að hluta, almannatengsla og núverandi menningarmála.

Starfsemin byggir á þremur kjarnateymum – stafrænni þróun, miðlun og menningu – sem saman mynda burðarás í nýsköpun, upplýsingaflæði, menningarstarfi og ásýnd Kópavogsbæjar.

Þær tillögur sem liggja fyrir til samþykktar í fjárhagsáætlun 2026 og falla utan núverandi kostnaðarramma lúta að:

- 10 milljónum í fastan leyfiskostnað á CoPilot Pro fyrir starfsfólk bæjarskrifstofa fyrsta árið 2026
- 40 milljóna fjárfestingu í hönnun og forritun nýrrar veflausnar og áframhaldandi þróun á smáforriti í takt við nýafstaðna þarfagreiningu

Þá verður farið í markaðssókn hjá Salnum fyrir auknu ráðstefnuhaldi en verður fjármagnað innan núverandi ramma.

Umfangsmikil þarfagreining á stafrænni þjónustuveitingu bæjarins er afstaðin. Sú vinna leggur grunninn að því að skilja betur þarfir íbúa og bæta þá snertifleti sem bærinn hefur við þá.

Stafræn þróun leiðir áfram stafræna umbreytingu bæjarins og þróar innviði sem styðja við skilvirkni og gagnsæi í stjórnsýslu og þjónustu. Á árinu 2026 verða talsverðar umbætur gerðar á ábendingakerfinu, áframhaldandi þróun á stafrænum innviðum bæjarins og aukna nýtingu gervigreindarlausna, m.a. í gegnum CoPilot og innleiðingu stafræns vinnuafls/vinnuþjarka í samstarfi við Evolv. Unnið verður að frekari uppbyggingu vöruhúss gagna og Power BI gagnasýna til að styðja við gagnadrifna ákvarðanatöku og framgang aðgerðaáætlana. Ferla- og gæðakerfi verða þróuð áfram og gerð notendavænni, auk þess sem stafrænar lausnir fyrir sundlaugar, þjónustuver og aðrar stofnanir verða efldar til að bæta aðgengi og upplifun íbúa. Þá verður nýtilkomið rafrænt bókunarkerfi innleitt hjá æ fleiri stofnunum og deildum bæjarins.

Miðlun ber ábyrgð á samskipta- og upplýsingaflæði, markaðsstarfi og stafrænni ásýnd bæjarins. Á árinu 2026 verður unnið að þróun nýs vefs Kópavogsbæjar og hönnunarkerfis sem tryggir samræmi og aðgengi í allri stafrænni miðlun. Miðlunarteymið mun vinna í nánú samstarfi við öll svið bæjarins að skilvirku upplýsingaflæði. Ásýndarverkefni á borð við *Kópavogssögur* munu áfram gleðja lesendur og upplýsingagjöf til íbúa í tengslum við *Miðbæ í mótun* verður sett á oddinn. Samstarf bæjarins við markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins verður eftt og Kópavogsbær í forgrunni sem aðlaðandi áfangastaður fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Þá verða mótaðir fastir ferlar fyrir upplýsingamál og samhæfingu miðlunarstarfs til að tryggja samfellu, fagmennsku og betri þjónustu við íbúa, fjölmiðla og aðra hagaðila.

Menning sér um rekstur menningarhúsa, viðburðahald og þróun menningarstarfs í bænum. Á árinu 2026 verður áhersla lögð á markaðssókn í Salnum í átt að auknu funda- og ráðstefnuhaldi – án þess að skerða kjarnastarfsemi tónlistarhússins. Fjölmennningarlegir viðburðir verða áfram efldir í menningarhúsunum sem og viðburðir fyrir eldri borgara. Áframhaldandi vinna fer fram við nýja sýningu Náttúrustofu. Þróun greiðslugáttar bókasafnsins og sjálfvirkar afgreiðslu verður haldið áfram til að einfalda þjónustu við gesti. Þá verður aukin áhersla á markaðssetningu menningarhúsa í samstarfi við miðlunarteymið og á gagnadrifna ákvarðanatöku í rekstri og skipulagi.

SKRIFSTOFA MANNAUÐS- OG KJARAMÁLA

Leiðarljós í starfsemi skrifstofu mannauðs- og kjaramála árið 2026 eru áframhaldandi stafvæðing verklags og vinnuferla, aukin gæði og skilvirkni í meðhöndlun mannauðs- og launagagna, aukin færni stjórnenda til meðhöndlunar mannauðsmála, aukið gagnsæi í launamyndunarkerfi og áframhaldandi söfnun og birting tölfraði mannauðs.

Stafvæðing verklags og vinnuferla liggur að stórum hluta í því að innleiða mannauðshluta þess launa- og mannauðskerfis sem nú er til staðar – Kjarna. Með innleiðingu ráðningarhluta Kjarna er markmiðið sett að stafvæða gögn sem berast þurfa til launadeildar, mannauðs og annarra haghafa s.s. UT þjónustu við upphaf og lok starfstíma starfsfólks hjá Kópavogsbæ (frá ráðningu til starfsloka). Áframhaldandi innleiðing Kjarna mun auðvelda stafvæðingu ráðningarsamninga, breytingablaða, umsýslu með launabreytingum, beiðnum starfsfólks um heilsuræktarstyrk og leyfi svo sem námsleyfi eða ólaunuð leyfi. Stefnt er að því að virkja skjalaskáp í Kjarna. Einnig að stafvæða og auka aðgengi að starfslýsingum og tengja starfslýsingar og stöður við

launamyndunarkerfið svo sýnilegt sé. Aðrir kerfishlutar Kjarna sem verða innleiddir eru starfsmannavefur og starfsmannaapp, mötuneytisláusnin Tería, gátlistar sem snúa að mannauði og launum. Innleiðing Teríu á alla starfsstaði er umfangsmikið verkefni og gæti teygst yfir á 2027. Skoðað verður hvort kerfishlutinn Fræðsla verði tekinn upp 2026 eða hvort það færist til 2027 og Kjarni þá tengdur við ytra kerfi, Eloomi.

Eins og áður verður áhersla lögð á að styrkja yfirsýn stjórnenda yfir stöðu og þróun mannauðs með upplýsingagjöf, tölfræði í Kjarna sem og gögnum streymt í vöruhús, tengingu við NAV lokið og skýrslur byggðar upp í powerBI skýrslum. Áframhaldandi áhersla er á birtingu tölfræðigagna hvað varðar veikindafjarvistir. Rýndir verða möguleikar til launagreininga í Kjarna og samanburðar við utanaðkomandi launagreiningar sem tengjast Kjarna s.s. PWC, Intellecta og Rúnu launavakt.

Áframhaldandi innleiðing mannauðsstefnu Kópavogsbæjar á árinu 2026 mun fela í sér enn frekari leiðbeiningar, verklag og leiðarljós til stjórnenda hvað varðar meðhöndlun veikindafjarvista, heilsu, vellíðan og öryggis starfsfólks. Einnig aðgerðir sem snúa að jafnrétti og jafnlaunakerfi Kópavogsbæjar sem og uppbygging stjórnendabjálfunar.

Stefnt verður að því að framkvæma vinnustaðagreiningu (starfsánægjumælingu) hjá Kópavogsbæ snemma árs 2026.

Afurðir slíkra mælinga birtast í fjölbreyttum verkefnum sem snúa að innviðum sem og ásýnd Kópavogs sem vinnustaðar út á við.

Seinni hluta árs er stefnt að því að rýna á hvaða hátt tengja má framkvæmd vinnustaðagreininga, utanumhald og aðgerðir við mannauðshluta Kjarna sem komið gæti til framkvæmda 2027. Sama á við um framkvæmd starfsmanna samtala en stefnt er að innleiðingu þess kerfishluta Kjarna 2026.

Innleiðing launa- og mannauðskerfis felst að hluta til í árlegum rekstrar- og þjónustukostnaði. Á árinu 2026 er gert ráð fyrir 10 milljóna króna viðbótarkostnaði til að halda áfram innleiðingu kerfishluta Kjarna eins og lýst er hér að ofan. Sá viðbótarkostnaður sem um ræðir, felst fyrst og fremst í utanaðkomandi ráðgjöf og vinnu við tengingar milli Kjarna og annarra UT kerfa hjá Kópavogsbæ.

SKRIFSTOFA ÞJÓNUSTU

Stefnt er að því að einfalda og bæta þjónustu sveitarfélagsins við íbúa með áherslu á aðgengi, skilvirkni og notendavænar lausnir. Markmiðið er að íbúar geti nálgast þjónustu á einfaldan og skýran hátt – hvort sem er rafrænt eða í eigin persónu. Með því að

samræma ferla, skýra upplýsingar og innleiða snjallar lausnir viljum við stytta boðleiðir og gera þjónustuna skilvirkari. Við viljum tryggja að allar upplýsingar séu aðgengilegar, þjónustubeiðnir afgreiddar hratt og að samskipti við sveitarfélagið séu þægileg og persónuleg. Íbúarnir eiga að finna fyrir trausti, hlýju og fagmennsku í allri þjónustu.

Mikil áhersla verður lögð á að styrkja öryggi í upplýsingatæknimálum sveitarfélagsins, með það að leiðarljósi að vernda gögn íbúa og tryggja örugga þjónustu. Í síbreytilegu tæknisamfélagi þar sem netógnir verða sífellt flóknari og algengari, er mikilvægt að sveitarfélagið bregðist við með skýrum og öflugum öryggisráðstöfunum. Við munum einblína á að bæta innviði, auka vitund og tryggja að allar upplýsingar sem við höldum utan um séu meðhöndlaðar af fyllstu varkárni. Öryggi í upplýsingatækni er forsenda fyrir trausti og góðri þjónustu.

Mikilvægt er að uppfæra tölvur sem keyra á Windows 10. Eftir 14. október 2025 hætti Microsoft að útvega öryggisuppfærslur og tæknilegan stuðning við stýrikerfið, sem gerir tölvurnar viðkvæmari fyrir öryggisógnum og hugbúnaðarbrestum. Við stöndum einnig frammi fyrir ákveðinni tækniskuld, sem hefur safnast upp vegna nauðsynlegs sparnaðar undanfarin ár. Með nýrri útgáfu af Windows, fylgir bætt öryggi, aukin afköst og aðgangur að nútímataækni sem styður betur við skilvirkt og öruggt vinnumhverfi. Áætlað fjármagn í þetta verkefni er 48 milljónir króna.

Uppfærsla á miðjubúnaði í neti Kópavogsbæjar er nauðsynleg til að tryggja öflugt, öruggt og framtíðarþolið netkerfi sem stenst aukið álag, styður við stafræna þjónustu og bætir netöryggi. Með nýjum búnaði má auka afköst, draga úr rekstrartruflunum og bæta viðbrögð við öryggisógnunum, en jafnframt lækka viðhaldskostnað til lengri tíma. Slík fjárfesting styrkir grunninn fyrir áframhaldandi stafræna þróun og betri þjónustu við íbúa og stofnanir sveitarfélagsins. Áætlað fjármagn í vinnu og kaup á miðjubúnaði netsins er 36 milljónir króna.

Eitt af markmiðum okkar fyrir næsta ár er að styrkja verklag og framkvæmd opinberra innkaupa með aukinni áherslu á gegnsæi, fagmennsku og ábyrgð. Opinber innkaup eru mikilvægur þáttur í starfsemi sveitarfélagsins og snerta bæði nýframkvæmdir, þjónustukaup og daglegan rekstur. Með því að einfalda ferla, skýra kröfur og tryggja jafnræði meðal bjóðenda viljum við stuðla að auknu trausti og skilvirkni í allri innkaupastarfsemi. Við leggjum áherslu á að innkaup séu í samræmi við lög og bestu stjórnsýsluvenjur og að þau skili raunverulegum fjárhagslegum ávinningi fyrir sveitarfélagið.

SKRIFSTOFA ÁHÆTTU- OG FJÁRSTÝRINGAR

Á skrifstofu áhættu- og fjárstýringar er markvisst unnið að aukinni skilvirkni með breyttu verklagi og innleiðingu nýrra lausna. Í september 2025 var undirritaður samningur við SímannPay um notkun á rafrænum kreditkortum sem taka við af plast kortum sem verið hafa í notkun. Rafrænu kortunum fylgir þjónustuvefur sem bætir alla yfirsýn og einfaldar umsýslu með kortum, úrvinnslu í bókhaldi og skil á kvittunum sem verða alfarið rafræn. Í framhaldinu er unnið að innleiðingu rafrænna beiðna og rafrænna lausna vegna útlagðs kostnaðar. Nýlega var einnig skrifað undir samning við EVOLV um Innleiðingu á stafrænu vinnuafli. Með stafrænu vinnuafli verða valdir ferlar, m.a. við innheimtu og bókhald, sjálfvirknivæddir með því að nýta blöndu af reglustýrðri sjálfvirkni og gervigreind í ákvörðunartöku.

Mikil áhersla er lögð á að efla skýrslugerð og upplýsingagjöf með aukna skilvirkni og bætta ákvarðanatöku að leiðarljósi. Lagt er upp með að skýrslugerð verði eins sjálfvirk og kostur er. Gögnum úr bókhalds og launakerfi, auk fleiri umsýslukerfa er streymt í vöruhús og lifandi skýrslur byggðar upp í excel teningum og PowerBI skýrslum. Unnið er að því að fjölga enn frekar þeim gögnum sem flutt eru í vöruhús sem eykur möguleika á frekari greiningum og skýrslugerð.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

Undir vaxtatekjum og vöxtum af innheimtukurðum eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Langstærsti liðurinn er undir „vaxtatekjur ýmsar“ en það eru reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins, en þær gera um 2.851 milljónir kr. og lækka um 340 m.kr. á milli ára. Þessar fjárhæðir eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins. Við útreikninginn á innri lánum er miðað við sömu vexti og á fyrra ári og reiknað með að verðbólga verði 3,2%. Breyting tekna hér skilar sér í samsvarandi breytingu vaxta og verðbóta hjá þeim stofnunum sem verið er að fjármagna. Hluti af innri fjármögnun kemur svo frá Fráveitu og Vatnsveitu, en þar er að safnast upp krafa innan samstæðu sem á að koma á móti fyrirhuguðum framkvæmdum á næstu árum.

Undir Vaxta- og verðbótagjöld eru færð öll gjöld sem falla til vegna fjármögnunar bæjarins. Virk lán eru reiknuð eins og kjör þeirra segja til um og áætluð ný lántaka er hugsuð sem óverðtryggt lán með afborgunarferil sem hefst eftir árið 2029. Samkvæmt áætlun er reiknað með að aðalsjóður taki í lok árs 2026 að láni 3.426 m.kr. og greiði á árinu niður skuldir um 1.875 m.kr.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2025 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útflæði á þessum lið.

HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

Þessi deild heldur utanum kaup, sölu og rekstur á félagslegslegum leiguíbúðum Kópavogsbæjar, sem fyrst og fremst eru leigðar til tekjulágra íbúa bæjarins.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir leiguhúsnæði Kópavogsbæjar er gert ráð fyrir 3,2% hækkun einingaverðs húsaleigu milli áranna 2025 og 2026, enda er leigan verðleiðrétt mánaðalega í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs.

Allnokkru fé hefur verið bætt við viðhaldsliði á undanförunum árum og miklar framkvæmdir hafa verið á vegum framkvæmdasjóða húsfélaga þar sem bærinn á íbúðir. Í þessari áætlun eru viðhaldsliðir látnir halda í við vænta verðbólgu samkvæmt sumarspá Hagstofu Íslands.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að Húsnæðisnefnd taki 515 m.kr. að láni á móti framkvæmdum og uppgreiðslu lána að fjárhæð 383 m.kr. Kjör þessa láns eru reiknuð með sama hætti og kjör á lánum aðalsjóðs.

HLUTDEILD Í FÉLÖGUM SEM BÆRINN BER REKSTRARLEGA ÁBYRGÐ Á

Á árinu 2021 var gerð breyting á 3. mgr. 20. gr. reglugerðar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga númer 1212/2015 þannig að inn í samantekin reikningsskil sveitarfélaga skuli taka „byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags ... miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta“.

Áhrif hlutdeildarfélaganna má sjá í skjalinu „Listi“ og þar undir málaflokki 59. Í þessari áætlun eru það Sorpa, Strætó, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðiseftirlitið sem eru tekin með. Í rekstraryfirliti má sjá línu undir B-hluta sem heitir Hlutdeildarfélag og í rekstri og efnahag sýnir einn dálkurinn í B-hluta hlutdeild bæjarins í rekstri og efnahag þessara félaga.

Áhrif hlutdeildarfélaganna eru þau að heildartekjur hækka um 5.149 m.kr., starfsmannakostnaður um 1.828 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 3.024 m.kr., fjármagnsliðir um 56 m.kr. og

afskriftir hækka um 149 m.kr. Heildarniðurstaða í rekstri hækkar því um tæpar 93 m.kr.

Á efnahagsreikningi hækka hlutdeildarfélögin fastafjármuni um 2.500 m.kr. og veltufjármuni um 695 m.kr. þannig að efnahagurinn hækkar um 3.194 m.kr. Á fjármögnunarhliðinni hækkar eigið fé um 1.777 m.kr., langtímaskuldir um 836 m.kr. og skammtímaskuldir um 461 m.kr. Veltufé frá rekstri hlutdeildarfélaga er 273 m.kr.